

**Sp.**

**82. Tillaga til þingsályktunar**

**[82. mál]**

um áætlun um reiðvegagerð.

Flm.: Páll Pétursson, Ólafur P. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri áætlun um reiðvegagerð um landið. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerð ríkisins, einum tilnefndum af Landssambandi hestamanna, einum tilnefndum af skipulagsstjóra ríkisins og tveimur án tilnefningar.

Nefndin meti hver þörf er á nýjum reiðvegum, hvar varðveita skal gamla reiðvegi og hvar er heppilegast að reiðvegir liggja þannig að hestamönnum sé greið umferð um landið.

Nefndin skili áætluninni fyrir haustið 1987 þannig að framkvæmdir geti hafist samkvæmt henni sumarið 1988.

**Greinargerð.**

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og fjöldi fólks sækir sálubót og hreysti í samfélag við hesta og til ferðalaga á hestum. Með aukinni bílaumferð og bættum akvegum er umferð ríðandi fólks um marga þjóðvegi landsins orðin stórhættuleg og jafnvel ómöguleg. Á undanförnum árum hefur verið unnið stórvirki í vegagerð en umferð hestamanna hefur ekki verið sinnt nema að allt of litlu leyti. Á árinu 1985 var varið 400 þús. kr. til reiðvegagerðar og 1986 einni milljón. Þetta er auðvitað allsendis ófullnægjandi. Reiðvegagerð þarf ekki að vera dýr, sérstaklega ef hún er unnin með fyrirhyggju. Vegagerðin hefur sums staðar gætt þess við frágang vega, fyrir atbeina Landssambands hestamanna, að reiðmönnum væri fær leið meðfram vegum. Þetta hefur hins vegar ekki alls staðar verði gert og af því skapast slyshætta og leiðindi.

Skynsamlegast er að gera áætlun um það hver þörf sé fyrir nýja reiðvegi um landið, hvar beri að varðveita gamla reiðvegi og hvar heppilegast er að reiðvegir liggja. Þannig mundu fjármunir og verktækni nýtast betur en ella og óhjákvæmilegt er að leggja stórauðna áherslu á reiðvegagerð.

Íslendingar hafa ferðast á hestum um landið frá upphafi Íslands byggðar; óhæfa er að gera þeim það ómögulegt nú. Þess ber og að gæta að ríkisvaldið ver miklu fé til tómsunda og íþróttamála og einnig til lista. Hestamennska er hin göfugasta tómsundaíðja og auk þess bæði íþrótt og list þannig að eðlilegt er að verja allnokkru almannafé til þess að auðvelda fólki iðkun hestamennsku.